


Dalvík

6/16/2013



## SJÁLFSMATSSKÝRSLA DALVÍKURSKÓLA



Dalvíkurskóli 2013

# Skýrsla um sjálfsmat Dalvíkurskóla

## Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	2
2	Starfsemi og áherslur skólans.....	2
2.1	Nemendur.....	2
2.2	Starfsfólk Dalvíkurskóla .....	2
2.3	Áherslur skólans og helstu verkefni skólaárið 2012 – 2013 .....	2
3	Innra mat skólans skólaárið 2012 – 2013 .....	4
3.1	Sjálfsmatsáætlun 2012 – 2013 .....	4
4	Nám, kennsla og mat.....	4
4.1	Greiningargögn.....	4
4.2	Ígrundun og greining á niðurstöðum.....	4
4.3	Leiðir til úrbóta .....	5
5	Stjórnun .....	6
5.1	Greiningargögn.....	6
5.2	Ígrundun og greining á niðurstöðum.....	6
5.3	Leiðir til úrbóta .....	7
6	Starfsfólk og aðbúnaður .....	7
6.1	Greiningargögn.....	7
6.2	Ígrundun og greining .....	8
6.3	Leiðir til úrbóta .....	8
7	Foreldrasamstarf .....	9
7.1	Greiningargögn.....	9
7.2	Ígrundun og greining á niðurstöðum.....	9
7.3	Leiðir til úrbóta .....	9
8	Áætlun um mat á skólastarfi 2013 – 2016 .....	10
8.1	Sjálfsmatsáætlun .....	10
9	Samantekt og mat á niðurstöðum.....	10
10	Lokaorð.....	11

## 1 Inngangur

Samkvæmt upplýsingaskyldu um skólahald segir: Hver grunnskóli skal með með skipulegum hætti leggja mat á gæði skólastarfs. Innra mat skal byggja á fjölbreyttum greiningargögnum sem taka mið af viðfangsefnum hverju sinni og skal starfsfólk, foreldrar, nemendur og skólaráð taka þátt í því eftir því sem við á. Sjálfsmatsáætlun skólans á að birta á vef skólans þar sem hægt er að finna upplýsingar um innra mat skólans. Innra mat skólans skal vera umbótamiðað og ná til helstu þátta skólastarfsins.

Grunnskólar skulu birta á heimasíðu skólans upplýsingar um framkvæmd innra mats, helstu niðurstöður og leiðir til úrbóta.

Í skólanámskrá Dalvíkurskóla má finna upplýsingar um skólastarfið og nánari útfærslu á kennslutilhögun í bekkjarnámskrám.

Yfirumsjón með innra mati á skólastarfi skólárið 2012 – 2013 hefur verið í höndum skólastjóra og deildarstjóra. Friðrik Arnarson, deildarstjóri eldra stigs, hefur séð um Skólapúlsinn og haldið utan um þau greiningargögn. Foreldra – og starfsmannakannanir hafa verið gerðar í samráði við Fræðsluvið Dalvíkurbyggðar. Einnisteymi Dalvíkurskóla hefur séð um fyrirlögn á Olweusarkönnun sem er lögð fyrir nemendur í 4. – 10. bekk.

## 2 Starfsemi og áherslur skólans

### 2.1 Nemendur

Dalvíkurskóli er heilstæður grunnskóli með nemendur í 1. – 10. bekk. Nemendur og annað starfsfólk vinna eftir grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Dalvíkurbyggðar sem þarfnast endurskoðunar. Skólinn vinnur einnig í anda skólasýnar Dalvíkurskóla þar sem einkunnarorð skólans eru: Þekking, færni, virðing og vellíðan.

### 2.2 Starfsfólk Dalvíkurskóla

Starfsmenn Dalvíkurskóla eru 54 talsins í mismiklu starfshlutfalli. Skólastjóri er Gísli Bjarnason og deildarstjórar eru Friðrik Arnarson hjá eldra stigi og Katrín Fjóra Guðmundsdóttir hjá yngra stigi. Mynda þau þrjú stjórnunarteymi skólans. Tveir verkefnastjórar eru í sér – og stuðningskennslu við skólann og eru það Bergljót V. Jónsdóttir hjá yngra stigi og Dóróþea Reimarsdóttir hjá eldra stigi. Kennarar við skólann eru 28 og starfsfólk í blönduðum störfum eru 21 í mis miklu starfshlutfalli.

### 2.3 Áherslur skólans og helstu verkefni skólaárið 2012 – 2013

Helstu áherslur skólans er að rækta umhyggju og virðingu í samskiptum nemenda og starfsfólks í anda innleiðingarferlis Uppbyggingarstefnunnar. Það er nú langt komið og er starfsfólk komið vel á veg að tileinka sér vinnubrögð samkvæmt henni. Innleiðing á nýrri skólanámskrá er hafin og læsisstefna fyrir Dalvíkurskóla sem verður lögð fyrir fræðsluráð nú í júnímánuði. Eftirtaldar nefndir og vinnuhópar hafa starfað í vetur:

**Eineltisteymi/Olweus** – Fundar reglulega og vinnur með þau eineltismál sem upp koma ásamt því að gera tillögur að úrbótum. Skipuleggur einnig eineltisfræðslu í skólanum í samráði við skólastjórnendur og umsjónarkennara.

**Fjölmennning/Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti** – Vinnur að stefnumörkun og leiðum til að koma þessum málum í réttan farveg í tengslum við nýja Aðalnámskrá. Velur forgangsverkefni og fylgir þeim eftir. Fer yfir móttökuáætlun skólans og gerir úrbætur.

**Námskrárnefnd.** – Vinnur að endurskoðun skólanámskrár og gerir áætlun um hvernig áherslum nýrrar aðalnámskrár verður betur komið inn í allt starf skólans og fylgir því eftir.

**Sjálfsmat skólans** – Gerir áætlun um hvernig best verði staðið að sjálfsmati skólans og símenntun starfsmanna ásamt að velja forgangsverkefni með eftirfylgni. Leiðarljós: Hvernig gerum við góðan skóla betri?

**Töfraheimur stærðfræðinnar.** – Vinnur að gerð verkefnabanka og heldur utan um gögn sem verða til.

**Umhverfisnefnd** – áframhaldandi vinna að Grænfánaverkefninu og stefnumótun í umhverfismálum, gerð framkvæmdaráætlunar og vinna að forgangsverkefnum.

**Útikennslu – og þemanefnd.** – Safnar hugmyndum að útikennsluverkefnum, kemur upp hugmynda – og gagnabanka og leggur drög að áætlun um hvernig útkennslu skuli háttað, árlegar námsferðir, útivistardagar o. fl. Sér um skipulag og hugmyndavinnu kringum þemavinnu.

**Stýrihópur um læsi/Orð af orði.** – Mótar læsisstefnu skólans og kynnir hana í skólasamfélaginu ásamt að fylgja henni eftir. Stýrir innleiðingu á Orð af orði. Finnur hugmyndir að leiðum til að efla læsi nemenda í víðum skilningi.

**Upplýsinga – og tæknimennt.** - Mótar stefnu og velur forgangsverkefni með eftirfylgni. Hvernig skal tölvukennslu háttað og hvar eiga áherslurnar að liggja? Hvernig er æskilegt að standa að menntun starfsmann í tölvu – og tæknimálum?



### 3 Innra mat skólans skólaárið 2012 – 2013

#### 3.1 Sjálfsmatsáætlun 2012 – 2013

Sjá fylgiskjal 1.

### 4 Nám, kennsla og mat

#### 4.1 Greiningargögn

- Samræmd próf í 4. – 7. og 10. bekk sem eru lögð fyrir ár hvert.
- Bekkjarnámskrár/Kennsluáætlanir
- Skólapúlsinn.
- Skimun í 1. bekk.
- Stöðluð lestarpróf sem tekin eru í yngri bekkjum Dalvíkurskóla.
- Foreldraviðtöl.
- Olweus - eineltiskönnun
- Almennt námsmat í skólanum.
- Foreldrafundir þar sem umfjöllunarefnið var – Hvernig getum við aukið metnað nemenda í námi? Skóli og foreldrar.
- Skólaping.

#### 4.2 Ígrundun og greining á niðurstöðum

Niðurstöður samræmdra prófa voru aðeins undir meðallagi miðað við landið og er það ekki ásættanleg niðurstaða. Eftir að niðurstöður lágu fyrir komu upp umræður um það hvað við gætum gert til að auka metnað nemenda í námi og auka metnað og bæta viðhorf kennara til samræmdra prófa, þ.e.a.s. leggja meiri áherslu á samræmd próf. Prófin eru eitt að því fáa sem hægt er að nota til samaburðar við aðra skóla varðandi námsárangur.

Í Skólapúlsinum, sem er matstæki sem notað er í úrtaki nemenda í 6. – 10. bekk, kom fram að nemendur eru nú jákvæðari fyrir stærðfræði en verið hefur. Einnig er jákvæð niðurstaða varðandi bekkjaranda. En það kom fram að líðan stúlkna er ekki nógu góð hjá okkur og kemur það aðalega fram á miðstigi samkvæmt niðurstöðum á Skólapúlsins.

Samkvæmt þeim skimunum og lestrarprófum sem tekin hafa verið kemur mjög vel fram að nemendur hafa tekið miklum framförum í lestri og stærðfræði og hefur greinilega komið fram að nemendur sem koma í 1. bekk eru vel undirbúnir frá leikskólanum. Það sem var neikvætt var hversu margir einstaklingar áttu erfitt með samskipti í bekknum. Þannig að upp komu ýmis mál varðandi samskipti þeirra á milli og sérstaklega í frímínútum sem fylgdi þeim inn í kennslustundir.

Eftir foreldraviðtöl skiluðu kennarar eyðublaði til stjórnenda ef einhverjar athugasemdir komu varðandi nám og kennslu. Allir skiluðu inn eyðublöðum og var almenn ánægja með skólastarfið og fáar athugasemdir komu varðandi skipulag á kennslu.

Unnið er eftir námsmatsáætlun Dalvíkurskóla og sífellt er unnið að því að auka fjölbreytni í mati á námsárangri. Fyrir liggur að taka námsmatsáætlun til endurskoðunar vegna breytinga á mati með tilkomu nýrrar Aðalnámskrár.

Haldnir voru foreldrafundir í Dalvíkurskóla á vordögum með tveimur árgöngum í einu og fengu foreldrafulltrúar það verkefni að hringja út og boða á fundinn. Fundurinn var boðaður undir yfirskriftinni „Hvernig getum við stillt saman strengi?“. Við fengum **67%** mætingu foreldra frá hverju heimili á þessa fundi. Foreldrar unnu í hópum og fengu spurninguna „Hvað geta skólinn og heimilin gert saman til að auka metnað nemenda í námi? Margar góðar hugmyndir komu sem verða notaðar til að bæta námsárangur nemenda.

Skólaping var haldið í desember og júní þar sem kennarar segja frá áhugaverðum verkefnum og fjölbreyttum kennsluáferðum. Greinilega kom fram á þessum þingum að í skólanum eru viðhöfð fagleg vinnubrögð sem eiga örugglega eftir að skila bættum námárangri nemenda. Dalvíkurskóli hefur gefið sig út fyrir það að vera með fjölbreyttar kennsluáferðir og kom það bersýnilega í ljós á þessum þingum.

### 4.3 Leiðir til úrbóta

Eftir niðurstöður samræmdra prófa var unnið eftir því vinnuferli sem búið var að ákveða og þær niðurstöður notaðar til að bæta námsárangur nemenda. En samt sem áður þarf skólinn að auka metnað og bæta viðhorf gagnvart þessum prófum hjá kennurum, nemendum og foreldrum. Skólinn setur sér það markmið að vera alltaf yfir meðallagi á landsvísu. Nauðsynlegt er að hitta foreldrahópa eins og gert var í vor og fara yfir hvað heimilin og skólinn geti gert sameiginlega til að auka námsárangur og metnað í námi nemenda.

Í Skólapúlsinum kom fram að aukning væri á áhuga nemenda á stærðfræði sem er afar jákvætt. Undanfarin ár hefur þróunarverkefnið „Töfraheimur stærðfræðinnar“ verið í gangi í skólanum en með því er markvisst unnið að því að auka fjölbreytni í vinnubrögðum og auka skilning bæði kennara og nemenda á viðfangsefnum stærðfræðinnar. Hefur vægi verklegar stærðfræði og stærðfræði daglegs lífs verið aukið til muna. Skipulag á kennslustundum hefur mjög mikið að segja og hafa kennarar verið að horfa betur á það skipulag sem hefur verið í gangi í stærðfræði og heimfæra það á aðrar námsgreinar sem er mjög jákvætt.

Í Skólapúlsinum kom fram að líðan stúlkna sérstaklega á miðstigi er ekki nógu góð. Til að bregðast við því er var farið að vinna markvisst með stúlknaþóp til að styrkja þær í samskiptum og æskilegt væri að vinna meira í félagsfærni, samskiptum og líðan nemenda í samráði við félagsmiðstöð.

Halda þarf áfram að vera með snemmtæka íhlutun í námi og félagsfærni í yngstu bekkjum skólans. Unnið var sérstaklega með félagsfærni nemenda í 1. bekk og samskiptafærni þeirra eflað markvisst og náðist góður árangur. Lagt var til við leikskólann að leggja enn meiri áherslu á að efla samskiptahæfni nemenda. Bent var á að námsefnið „Stig af stigi“ hentaði vel í leikskólanum en það hefur verið notað með góðum árangri til að bæta samskipti.

Í foreldraviðtölum komu athugasemdir varðandi skipulag á kennslu hjá nokkrum kennurum. Skólastjórnendur fóru yfir þetta með viðkomandi kennurum og komu þeim upplýsingum til skila. Skólastjórnendur þurfa að gefa sér meiri tíma til að fylgjast betur með kennslu inn í bekk til að veita kennurum betra aðhald varðandi skipulag á kennslu.

Endurskoða þarf námsmatsáætlun Dalvíkurskóla með hliðsjón að nýrri aðalnámskrá, sú vinna hefur hefst næsta vetur.

Á foreldrafundum nú í vor kom það fram að skólinn þarf að setja sér skýrari reglur varðandi heimanám og skipuleggja það betur. Foreldrar voru ánægðir með að þurfa að kvitta fyrir heimanámi sem var jákvætt. Skólinn þarf að bjóða meira upp á heimanámsaðstoð því margir foreldrar eru óöruggir. Bæði heimili og skóli þurfa að efla jákvæðni gagnvart námi. Foreldrar þurfa að sýna námi barna sinna meiri áhuga og tala jákvætt um skólann fyrir framan börnin sín. Hrósa hvert öðru meira en við höfum gert og hampa því betur sem vel er gert í skólastarfi.

Dalvíkurskóli hefur gefið það út að vera með fjölbreyttar kennsluaðferðir og eftir skólaþingið nú í vor kom það glöggt fram. Skólinn þarf að halda áfram að þróa sig í starfi og vera jákvæður fyrir nýjungum í skólastarfi.

## 5 Stjórnun

### 5.1 Greiningargögn

- Foreldrakönnun
- Starfsmannakönnun
- Starfsþróunarsamtöl

### 5.2 Ígrundun og greining á niðurstöðum

Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir á foreldraviðtalsdegi í febrúar, þar sem að svörun var virkilega góð eða **93%** foreldra, kom fram að almenn ánægja hafi verið með skólastjórnendur og að skólinn njóti virðingar í samfélaginu. Það kom einnig fram að **97,4 %** þeirra foreldra sem svöruðu telji að skólinn komi vel á mótis við þarfir barnsins síns. Í þessari könnun kom einnig fram að **95,2 %** foreldra voru ánægðir með umsjónarkennara barnsins síns. Foreldrum finnst þeir vera velkomnir í skólann en töluvert af foreldrum finnst þeir ekki hafa áhrif á stefnu og starf skólans. Stór hluti foreldra segir að barnið þeirra sé ekki ánægt með matinn sem það borðar í mötuneyti skólans. Stór hluti foreldra er ánægður með kennsluna sem barnið þeirra fær í skólanum eða **96,2%** þeirra sem svöruðu. Af þeim sem svöruðu var **53,8%** hlynt/hlyntur því að börn noti skólabúninga í skólanum.

Starfsmannakönnun var lögð fyrir í mars 2013 í samstarfi við Fræðslu -og menningarsvið Dalvíkurbyggðar og var svarhlutfall ekki nógu gott hjá starfsfólki Dalvíkurskóla. Almennt líður fólki vel í vinnunni og virðist vera stolt af sinni stofnun. Það kemur fram í könnun að starfsfólki finnst gott að leita til stjórnenda og að þeir sýni faglegu frumkvæði áhuga. Það er

um 80% starfsfólks sem segir að það fái **hrós** frá stjórnendum fyrir vel unnin störf. Allir telja að skólarnir leggi áherslu á gæði í starfi og þjónustu.

Í starfsþróunarsamtölum hefur það komið fram, eins og könnun segir til um, að starfsfólki líður vel, en það eru vissir þættir sem hafa komið athugasemdir um, t.d. varðandi það að sumum finnst að stjórnendur klári ekki sum mál og hlusti ekki nógu vel. Starfsfólki finnst að stjórnendur þurfi að vera meira sýnilegir á göngum skólans og erfitt sé að ná á stjórnendum þegar eitthvað kemur upp á. Einnig hafa komið athugasemdir varðandi það að stjórnendur og kennarar eru ekki nógu samstíga í að fylgja eftir umgengisreglum og skýru mörkum Uppbyggingarstefnunnar. Reglum, boðum og bönnum hefur verið fækkað og sjálfsagt finnst einhverjum það koma út sem agaleysi í skólanum.

### 5.3 Leiðir til úrbóta

Þar sem það kom fram að foreldrar töldu að nemendur væru ekki ánægðir með matinn sem þeir fá að borða í mötuneyti skólans er ákveðið að einn kennari kemur inn í fundarteymi sem fundar um mötuneytismál á tveggja mánaða fresti. Ákveðið er að teymið setji upp matseðil með Veisluþjónustunni. Upplýsingaflæði frá Veisluþjónustunni þarf að vera betra þegar eitthvað breytist varðandi matseðil. Ánægja er með að Gústi kokkur komi inn á haustfundi með foreldrum og fái tækifæri á að skýra út matseðil og áherslur í skólamáltíðum.

Skólaráð fékk það hlutverk að skoða og afla gagna frá þeim skólum sem eru með skólabúninga. Þarf að taka aftur upp í haust.

Skólastjórnendur þurfa að setja skýrari reglur varðand vinnuferli erfiðustu agamálanna í skólanum. Nýta þarf stoðteymið oft og betur við lausn agamála. Kennarar þurfa að vísa málum sem þeir ráða illa við til stoðteymis sem vinnur með þeim að lausn vandans. Þannig er hægt að aðstoða kennara betur með úrlausnir á erfiðum málum inn í bekk, klára þau og upplýsa kennara betur um hvernig staðan er. Skólastjórnendur þurfa að gefa sér meiri tíma með kennurum á vinnusvæði. Jafnframt þurfa kennarar að koma með athugasemdir á rétta staði. Stjórnendur þurfa að hrósa oft og betur en við höfum gert.

Skólasamfélagið þarf að vera samstígara í að fylgja eftir umgengisreglum í skólanum. Ákveðið er að fara með kynningu á skýru mörkum og umgengisreglum inn í bekk í haust og í upphaf hvernar annar og fá umræðu hjá nemendum um reglur og umgengi.

## 6 Starfsfólk og aðbúnaður

### 6.1 Greiningargögn

- Starfsmannakönnun
- Starfsþróunarsamtöl
- Starfsmannafundir



## 6.2 Ígrundun og greining

Í starfsmannakönnun kemur greinilega fram að starfsfólki líður vel í vinnunni og er starfsánægja nokkuð góð. Starfsfólk á gott með að vinna með samstarfsfólki sínu og finnst jákvæðni ríkja meðal þess. Þó hefur það komið fram í umræðu að starfsfólk er að tala illa um aðra starfsmenn og gera athugasemdir aðallega hvað varðandi vinnubrögð annarra í stað þess að tala hreint út við viðkomandi starfsmann. Starfsfólki finnst að það þurfi að bera meiri virðingu fyrir hvort öðru.

Meirihluti starfsfólks telur sig ígrunda sitt starf aðallega í gegnum samræður við aðra. Það kemur sterkt fram í athugasemdum frá starfsfólki að skólinn er að dragast aftur úr varðandi tölvu og tækjamál í skólanum. Einnig kom skýrt fram að starfsfólk vildi komast í endurmenntun varðandi upplýsingatækni í skólastarfi.

Starfsfólk telur að upplýsingaflæði hafi batnað verulega í skólanum en þetta er þáttur sem verður alltaf að bæta. Starfsfólk í blönduðum störfum sem sitja ekki kennarafundi og deildarfundi finnst það oft vera dálítið utangátta og lítið upplýst þó að það séu gerðar fundargerðir sem eru settar á innra net skólans.

Það komu ekki miklar athugasemdir varðandi aðbúnað í skólanum nema þá helst að kennarar kalla á að fá skjávarpa í kennslustofur. Það hefur ekki verið gerð athugasemdir við vinnuaðstöðu nema þá helst loftræstingu á vinnusvæði. En vinnuaðstaða kennara er góð í skólanum. Það hefur verið kvartað yfir hávaða í matsal en það hefur lagast mikið eftir að teppin voru sett á veggina í matsal skólans.

Eitt af því sem hefur komið fram er að ennþá eru fordómar hjá starfsfólki gagnvart nemendum af erlendum uppruna þó að umræðan sé sú að það sé sterkt fyrir skólann að hafa fjölbreytni í nemendahópum.

## 6.3 Leiðir til úrbóta

Í haust væri gott að hafa hópefli þar sem farið er í hvað það er mikilvægt að hafa jákvæð samskipti á vinnustað. Taka starfsmannasáttmálann til umræðu og fara yfir hvað það er mikilvægt að fara eftir honum.

Vinna í gangi varðandi það að skólinn taki stærra skref í upplýsinga – og tæknimálum skólans og nauðsynleg er námskeið fyrir starfsmenn fylgi í kjölfarið. Æskilegt er að hraða þessari vinnu sem mest.

Þarf að skoða það að stuðningsfulltrúar sitji deildarfundi þar sem þeir verða meira upplýstir um hvað sé í gangi. Fundargerðir verða samt sem áður gerðar og settar á innra net skólans.

Skoða þarf loftræstingu á vinnusvæði yngra stigs og finna viðunandi úrbætur. Skoða þarf áfram hvernig hægt er að dempa hávaða í matsal skólans. Þá þarf að skoða hvernig má bæta hljóðvist í vissum kennslustofum.

Nauðsynlegt er að vinna að því að uppræta fordóma í skólasamfélaginu. Námskeið í fjölmenningsfræðum verður 19. – 20 ágúst fyrir alla starfsmenn skólans þar sem farið verður í þessi mál.

## 7 Foreldrasamstarf

### 7.1 Greiningargögn

- Foreldraviðtöl að hausti með barni
- Haustfundir foreldra
- Foreldrakönnun lögð fyrir í febrúar 2013 í samráði við fræðsluvið
- Foreldraviðtöl í febrúar (eyðublöðum komið til stjórnenda eftir viðtölin)
- Foreldrafundir þar sem umfjöllunarefnið var – Hvernig getum við aukið metnað nemenda í námi? Skóli og foreldrar.

### 7.2 Ígrundun og greining á niðurstöðum

Það kom greinilega fram í könnun að foreldrum finnst viðtöl við umsjónarkennara í byrjun skólaársins vera góð og vilja halda þeim áfram. Eftir þessa fundi hafa komið fram upplýsingar sem nýtist skólanum í áframhaldandi vinnu með nemandanum. Við tókum það upp aftur að vera með haustfundi með foreldrum þar sem að foreldrar mættu á sameiginlegan fund og ræddu skólamála. Einnig kom Gústi kokkur og ræddi mótuneytismál. Mikil ánægja var með þessa fundi og greinilega finnst foreldrum gott að hittast á sameiginlegum fundum til að ræða málin.

Í foreldrakönnun kemur það mjög skýrt fram að nemendum líður vel í skólanum og fá hvatningu til að standa sig vel í námi. Það kemur fram að foreldrar telja að skólinn veiti góðar upplýsingar varðandi stöðu nemenda í námi.

Stór hluti foreldra telur að skólinn taki tillit til óska og athugasemda sem þeir setja fram við starfsfólk skólans. En það eru ekki mjög margir foreldrar sem eru að heimsækja skólann þótt við höfum hamrað á því að skólinn sé opinn og við viljum fá foreldra meira inn. En þó kemur fram í könnunni að foreldrar telji að þeir taki virkan þátt í starfi skólans.

Varðandi upplýsingaflæði frá skólanum þá kom það skýrt fram að skólinn þarf að bæta sig þar, þó svo að **76%** foreldra telja það vera gott. Það kom greinilega fram að foreldrar voru ekki ánægðir með heimasíðu skólans eða um **34,7%** sem er ekki nógu gott. En foreldrum finnst henta vel að fá tölvupóst frá kennurum eða um **93.3%** foreldra.

### 7.3 Leiðir til úrbóta

Nauðsynlegt að finna leiðir til að fá foreldra meira inn í skólann. Í vetur voru buðu nokkrir bekkir foreldrum sínum á kynningar á ýmsum verkefnum og borðuðu jafnvel saman og er mætning foreldra mjög góð á slíka viðburði. Greinilega árangursrík leið til að ná meiri tengslum við foreldra. Haust- og vorfundir með foreldrum voru einnig ágætlega sóttir.

Það kom mjög skýrt fram í könnun að foreldrar voru ekki ánægðir með heimasíðu skólans og það þarf að bæta. Fyrir næsta skólaár þarf að upp skýrara vinnuferli varðandi heimasíðuna. Skipuleggja betur hver gerir hvað og er það á ábyrgð skólastjóra.

## 8 Áætlun um mat á skólastarfi 2013 – 2016

### 8.1 Sjálfsmatsáætlun

Sjá fylgiskjal 2.

## 9 Samantekt og mat á niðurstöðum

Dalvíkurskóli hefur verið að vinna markvisst í líðan nemenda nú undanfarin ár og hefur skólanum orðið vel ágengt í þeim málum þó alltaf megi gera betur. Við teljum að uppbyggingarstefnan hafa haft mikið að segja. Þá hófst ART þjálfun í þremur árgöngum skólans í vetur en þar fá nemendur í 2. 6. og 9. bekk þjálfun í félasfærni, siðfræði og sjálfstjórn í 3 tíma á viku í 12 vikur undir leiðsögn ART þjálfara. Samkvæmt niðurstöðum Olweusarkönnunar þá hefur einelti aldrei mælst eins lítið og í ár hér í Dalvíkurskóla eða 4,6% en var 12% árið 2007 þannig að við erum greinilega á réttri leið. En við þurfum að vera tánum því stúlkunum líður ekkert allt of vel hjá okkur þó að bekkjarandi sé góður.

Þó að skólinn hafi komið þökkalega vel út úr könnunum eru alltaf hlutir sem þarf að laga. Skólinn þarf að auka metnað skólasamfélagsins í námi og við eigum ekki að sætta okkur við að vera undir meðallagi í samanburði við aðra skóla í landinu. Allir sem koma að skólastarfi þurfa að standa saman og finna leiðir til að bæta metnað í námi og kennslu.

Í Dalvíkurskóla virðist vera mikil starfsánægja meðal starfsfólks og að því líði vel hjá okkur. En nauðsynlegt að efla jákvæðan starfsanda innan skólastofnunarinnar. Aðbúnaður er nokkuð góður hjá starfsfólki þó það þurfi að skoða vissa þætti eins og loftræstingu. Vinnuaðstaða kennara er mjög góð. Þó hefur komið fram að kennurum finnst við vera að dragast aftur úr hvað varðar tækni – og hugbúnaðarmál í skólanum. Skjávarpa vantar enn í þó nokkrar kennslustofur.

Skólasamfélagið þarf allt að taka sig á með að vera samstíga í að fara eftir umgengisreglum í skólanum og taka þá umræðu reglulega inn í bekkjum með nemendum. Við erum á réttri leið og hefur Uppbyggingarstefnan verið að skila sér í betri umgengni og líðan nemenda.

Skólastjórnendur þurfa að vera meira sýnilegir og veita kennurum betri stuðning í þeim erfiðu málum sem þeir þurfa að glíma við. Stjórnendur þurfa að upplýsa starfsfólk betur varðandi úrvinnslu mála. Nýta þarf stoðteymið meira í lausn erfiðra mála. Það hefur komið gagnrýni á stjórnendur að þeir klári ekki mál. Stjórnendateymi þarf að taka þá umræðu og setja sér vinnureglur varðandi það fyrir næsta skólaár.

Foreldrasamstarf hefur gengið vel hjá okkur og eru foreldrar ánægðir með skólann samkvæmt könnun. En auðvitað eru hlutir sem við getum gert betur. Í könnuninni hefur

komið fram að foreldrar eru ekki ánægðir með heimasíðu skólans og það er eitt sem skólinn þarf að laga. Nauðsynlegt er að auka foreldrasamstarf í skólanum og fá foreldra í lið með okkur til að auka metnað í námi.

## 10 Lokaorð

Í Dalvíkurskóla er verið að vinna metnaðafullt starf og nemendum og starfsfólki líður vel í skólanum að stórum hluta. En auðvitað eru það vissir hlutir sem við þurfum að gera betur. Nauðsynlegt er að skólinn vinni markvisst að því að bæta námsárangur nemenda og að skólinn setji sér það markmið að vera fyrir ofan meðallag í samanburði við aðra skóla á landinu. Það er nauðsynlegt að allir sem koma að skólamálum í sveitarfélaginu geti haft áhrif til að gera góða hluti í skólunum, þess vegna er nauðsynlegt fyrir skólasamfélagið að geta lagt fyrir kannanir til að geta metið hvort við erum á réttri leið. Það var mjög góð svörun hjá foreldrum og nemendum í þeim könnunum sem þau tóku þátt í en því miður var ekki nægjanleg góð svörun hjá starfsfólki Dalvíkurskóla og það er eitt sem þarf að bæta. Við erum öll í sama liði í að bæta skólastarf, það er allra hagur að góð svörun sé í könnunum sem þessum. En nauðsynlegt að við öll stöndum saman að gera góðan skóla betri.

Gísli Bjarnason

Skólastjóri Dalvíkurskóla